

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Hljómfræði F2 - númer

Vorönn 2026

Kennari: Ívar Aðalsteinsson

Forkröfur: F1 og f.hl. HFR F2

Hæfniprep

Einingafjöldi:

Áfangalýsing:

Klassísk hljómfærsla þar sem krómatískir hljómar geta komið fyrir er viðfangsefnið sem og hljómleysingar. Þessir krómatísku hljómar eru aukaforhljómar, aukaminnkaðir hljómar, napolíhljómur og stækk. sexundarhljómar. Tölusetning bassa er skoðuð. Raddfærsla er unnin bæði með gefnum bassa með og án tölusetningar og gefnum sópran. Hljómfærsla með fyrrnefndum hljómunum án gefinnar raddar er líka stúderuð. Þá er farið í hljómgreiningu nokkurra verka frá barokk- tímanum til rómantíska tímans.

Námsmarkmið:

Þekking:

Nemandi þekki vel aukaforhljóma og aukaminnkaða hljóma, napolíhljóm og stækk. Gundarhljóma og það háttalag sem tíðkast þegar þeir eru raddfærðir. Hann þekki til hljómleysinga og þann hátt sem hafður er á við notkun þeirra. Hann geti greint ofangreinda hljóma í nótnaskift. Þá kunni hann skil á tölusettingum bassa með þessum hljómunum og þekki vel til greiningar á klassískum verkum með þeim og hljómleysingjum af ýmsu tagi..

Leikni:

Nemandi þarf að hafa lipur tök á því að nota aukaforhljóma og aukaminnkaða hljóma í þeirri flóru hljóma sem hann hefur nú tileinkað sér. Hið sama á við um napolíhljóm og stækk. sexundarhljóma. Og hann þarf að hafa náð færni í greiningu og notkun hljómleysinga og leikni í lestri og skráningu tölusettis bassa.

Hæfni:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að geta sinnt tónlistariðkun þar sem sú þekking og leikni sem upp er talin hér að ofan nýtist honum. Hér ekki síst átt við að hann geti skrifað út og greint hljómaframvindu í raddskrá með aukaforhljómunum, aukaminnkuðum hljómunum, napolíhljómunum og stækk. Gundarhljómunum ásamt með hljómleysingjum. Nemandinn ætti við lok námsins að hafa vald á hefðbundinni meðferð nánast allra hljóma í almennri notkun á barokktímanum til og með þeim rómantíska.

Námsgögn:

Nótnaskrifbækur eða spjaldtölva, ásamt vinnublöðum og glósum sem nemandi fær í tímum

Námsmatsþáttur	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Vinnubók og skrifleg hljómfærsluverkefni		100 %

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

Námsáætlun:

Vikur	Viðfangsefni	Verkefni
1. vika (5. – 9. jan 2026)	Fjallað almennt um algengustu krómatíska hljóma. Tölusetning á bassa skoðuð og útskýrð. Sjónum beint að aukaforhljómunum og þeir útskýrðir.	
2. vika (12. – 16. jan. 2026)	Æfingar með aukaforhljómunum og raddfærsla með þeim.	
3. vika (19. – 23. jan 2026)	Æfingar með aukaforhljómunum	
4. vika (26. – 30. jan 2026)	Enn æfingar með aukaforhljómunum	
5. vika (2. jan – 6. feb 2026)	Aukaminnkaðir hljómar útskýrðir og raddfærsla með þeim.	
6. vika (9. – 13. feb 2026)	Æfingar með aukaminnkuðum hljómunum.	
7. vika (16. – 20. feb 2026)	Enn æfingar með aukaminnkuðum hljómunum	
8. vika (23. – 27. feb 2026)	Napolíhljómur útskýrður og raddfærsla með honum.	
9. vika (2. mars– 6. mars 2026)	Æfingar með napolíhljómi	

TÓNLISTARSKÓLINN Á AKUREYRI

10. vika 9. – 13. mars 2026)	Stækkaðir sexundarhljómar útskýrðir og raddfærsla með þeim.	
11. vika (16. – 20. mars 2026)	Æfingar með stækkuðum sexundarhljómunum.	
12. vika (23. – 27. mars 2026)	Hljómleysingar og notkun þeirra.	
13. vika (30.mars – 3. apr. 2026)	Páskafrí	
14. vika (6. – 10. apríl 2026)	Hljómgreining þar sem allir þeir hljómar og hljómleysingar sem lærðir hafa verið geta komið fyrir.	
15. vika (13. – 17. apríl 2026)	Hljómgreining þar sem allir þeir hljómar og hljómleysingar sem lærðir hafa verið geta komið fyrir.	
16. vika (20. – 24. apríl 2026)	Hljómfærsla án gefinnar raddar með mismunandi hljómleysingjum	
18. vika (22. – 26. apríl 2026)	Upprifjun á námsefni vetrarins. Sýnispróf skoðað.	
19. vika (27. apríl – 1. maí 2026)	Upprifjun á námsefni vetrarins. Sýnispróf skoðað.	
20. vika 4. – 8. maí 2026)	Vorpróf úr efni áfangans	Próf